

Dagsetning 4. mars 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum (kyntar veitur), mál 574.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur lagabreytinguna jákvæða og að hún hvetji til notkunar innlendra orkugjafa. Einnig er á það að horfa að lagabreytingin stuðlar að jafnari stöðu þeirra sem hita hús sín óháð því hvaða orkugjafar eru notaðir til þess.

Virðingarfyllst

---

Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á þróunarsviði*  
*Byggðastofnunar.*